

Föstudaginn 23. júní 1972.

Nr. 83/1972. Valdstjórnin

gegn

Margeiri Jóni Magnússyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Kröfu um, að dómari víki sæti, synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur hinn 10. maí 1972 kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur, er upp var kveðinn sama dag. Bárust kærugögn Hæstarétti hinn 20. júní 1972. Saksóknari ríkisins hefur leyft kæru þessa, sbr. 1. tölulið 171. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 13. gr. laga nr. 57/1962. Krefst varnaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að tekin verði til greina krafa hans um, að rannsóknardómari í máli hans, Jón A. Ólafsson aðalfulltrúi, víki sæti í málinu. Greinargerð hefur ekki borizt frá varnaraðilja.

Engin haldbær rök eru fram komin fyrir þeirri kröfu varnaraðilja, að rannsóknardómarinn Jón A. Ólafsson víki sæti í málinu. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. maí 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 10. maí, er í sakadómi Reykjavíkur, sem háður er af Jóni A. Ólafssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður um kröfu um, að dómari víki sæti í máli til rannsóknar á ætlaðri okurstarfsemi Margeirs Jóns Magnússonar víxlara, Miðstræti 3 A, Reykjavík.

Málavextir eru þessir:

I. A. Með bréfi, dags. 24. febrúar 1970, sneri skattransóknarstjóri sér til yfirsakadómarar og sendi honum endurrit úr gerðabók rannsóknadeildar ríkisskattstjóra, þar sem Vilhjálmur Svan Jóhannsson prentari, Hörpugötu 14, Reykjavík, skýrði frá viðskipt-

um sínum við Margeir Jón Magnússon víxlara, Miðstræti 3 A, Reykjavík, og taldi hann sig hafa sætt afarkostum vegna vaxtagreiðslna til Margeirs Jóns. Í bréfi skattrannsóknarstjóra kom fram, að hann taldi, að skattalög hefðu verið brotin með starfsemi Margeirs Jóns.

Í skýrslu Vilhjálms Svans kom fram, að hann hafði fyrst leitað til Margeirs Jóns í nóvember 1960 og farið fram á að fá lánaðar hjá honum kr. 100.000.00, sem reyndist auðsótt. Lántakan fór fram með þeim hætti, að Vilhjálmur Svan samþykkti víxil að fjárhæð kr. 100.000.00 og ritaði undir tryggingarbréf, þar sem lánið var tryggt með veðrétti í eign Vilhjálms Svans í Hörpugötu 14, Reykjavík. Var víxillinn til þriggja mánaða og vaxtakjör þau, að greiddir voru 10 eða 12% vextir á þriggja mánaða fresti.

Vilhjálmur Svan afhenti rannsóknadeildinni greidda víxla, samtals að fjárhæð kr. 515.000.00, þar af taldi hann kr. 110.000.00 vera til greiðslu á láni hjá Margeiri Jóni, en afgangurinn framlengingar- og vaxtagreiðslur. Vilhjálmur Svan taldi það trúlegt, að Margeir Jón hefði lánað sér samtals kr. 300.000.00, en skuld hans við víxlarann var orðin við skýrslugjöfina kr. 1.000.000.00, sem tryggð var með veði í Hörpugötu 14, auk eins ótryggðs víxils að fjárhæð kr. 67.200.00. Margeir Jón var búinn að senda Vilhjálmi Svan útfyllta víxla að fjárhæð kr. 1.000.000.00, sem Vilhjálmur Svan átti að samþykkja til framlengingar á gömlu víxlunum. Einnig hafði Margeir Jón sent til samþykktar víxla að fjárhæð kr. 531.800.00, sem Vilhjálmur Svan taldi eiga að vera vaxtagreiðslur að undanskildum víxli að fjárhæð kr. 77.800.00, sem átti að vera framlenging og vextir vegna víxilsins að fjárhæð kr. 67.200.00, sem áður var getið um. Víxlarnir, sem ætlaðir voru sem vaxtagreiðslur, áttu að falla í gjalddaga 15. marz 1970. Einnig fékk Vilhjálmur Svan frá Margeiri Jóni tryggingarbréf til undirskriftar, sem tryggja átti víxlana, sem voru samtals að fjárhæð kr. 531.800.00. Ekki hafði Vilhjálmur Svan talið lánin frá Margeiri Jóni til skuldar á skattframtölum sínum.

Nánar aðspurður um vaxtakjörin hjá Margeiri Jóni upplýsti Vilhjálmur Svan, að Margeir Jón hefði útskýrt hin mismunandi vaxtakjör þannig, að hann væri að lána annarra fé og það væri nokkuð mismunandi, hvað þeir vildu fá í vexti. Einu og hálfu til tveim árum áður en Vilhjálmur Svan mætti hjá rannsóknadeildinni, hafði Margeir Jón lækkað vextina um helming og reiknaði síðan 5 eða 6% vexti fyrir hverja þrjá mánuði, eða 20 til 24% ársvexti.

Skattrannsóknarstjóri taldi þörf á, að fram færi húsleit hjá Margeiri Jóni, og óskaði eftir að fá aðgang að skjölum, sem kynnu að finnast hjá honum, þar sem ætla mátti, að skattalög hefðu verið brotin með starfsemi Margeirs Jóns.

Samdægurs var í sakadómi Reykjavíkur kveðinn upp úrskurður um leit í húsakynum Margeirs Jóns að Miðstræti 3 A, Reykjavík, og var sú leit framkvæmd í framhaldi af uppkvaðningu úrskurðarins. Leitina önnuðust dómari málsins, starfsmenn rannsóknarlögreglunnar og starfsmenn skattrannsóknadeildar ríkisskattstjóra. Heima hjá Margeiri Jóni var lagt hald á töluvert magn af skjölum svo og á læstan peningaskáp, þar sem Margeir Jón virti að vettugi áskorun um að opna skápinn. Skjölin og skápurinn voru flutt í húsakynni rannsóknarlögreglunnar og sakadóms Reykjavíkur. Í framhaldi af því voru ofagreind skjöl afhent skattrannsóknadeild.

Pegar næsta dag, fimmtudaginn 26. febrúar 1970, voru kveðnir upp tveir úrskurðir í dómnum, annar um leit í bankahólfi Margeirs Jóns nr. 576 í Landsbanka Íslands og hinn um leit í bankahólfi hans nr. 851 í Búnaðarbanka Íslands. Áður en leitin var framkvæmd af rannsóknarlögreglunni og rannsóknadeild ríkisskattstjóra, var reynt að hafa upp á Margeiri Jóni til að fá hann til þess að opna hólfin, en ekki tókst að hafa upp á Margeiri Jóni, og var því gripið til þess ráðs að láta sprengja upp bankahólfin með aðstoð fagmanna bankans. Í Búnaðarbankanum fannst ekkert en töluvert magn af gömlum skjölum í Landsbankanum, og voru þau flutt á skrifstofu sakadóms, og síðan fékk rannsóknadeild ríkisskattstjóra ljósrit af öllum skjölunum.

Fyrstu dagana eftir húsleitina hjá Margeiri Jóni fór hann huldu höfði, og tókst ekki að koma boðum til hans, fyrr en að dómranum tókst mánudaginn 2. marz fyrir milligöngu Brands Brynjólfssonar héraðsdómslögmanns að koma boðum til Margeirs Jóns, sem lofaði að mæta hjá dómranum kl. 1000 þriðjudaginn 3. marz 1970. Ekki kom Margeir Jón á þeim tíma, en Brandur hringdi í dómranann skömmu áður og sagði, að einhver kona, sem tjáði sig vera Hansínu Þórðardóttur og eiga heima á Skeljatanga 4, hefði hringt í sig og sagt Margeir Jón vera veikan og ekki geta mætt í sakadómi, eins og um hefði verið talað. Við könnun hjá rannsóknarlögreglunni kom í ljós, að í manntali Reykjavíkur var engi Hansínu Þórðardóttur að finna, og húsið Skeljatangi var ekki til eða að minnsta kosti reyndist enginn vera skráður þar til heimilis. Reynt var að hafa upp á Margeiri Jóni heima

hjá honum svo og hjá systur hans að Bergþórugötu 31, en það reyndist árangurslaust.

Miðvikudaginn 4. marz 1970 kl. 1400 hafði kunnáttumönnum, tilkveðdum af sakadómi Reykjavíkur, loks tekizt að opna peningaskáp Margeirs Jóns, og reyndust í honum vera innlendir peningar að fjárhæð kr. 22.555.00, 46 bandarískir dollarar svo og bréfamappa með 10 hólfum, sem í voru sparisjóðsbækur, víxlar og fasteignatryggingarbréf. Allt, sem í skápnum var að undanteknum peningunum, var afhent skattrannsóknarstjóra. Skúli Pálsson, deildarstjóri í skattrannsóknadeild, afhenti dómaramum möppuna aftur 11. júní 1970.

Á dómþingi 10. júlí 1970 afhenti dómarrinn Jóhanni Steinasyni hæstaréttarlögmanni f. h. Margeirs Jóns öll skjölin, sem fundust í bankahólfi Margeirs Jóns í Landsbankanum og hluta af skjölunum sem voru í möppunni, sem fannst í peningaskápnum. Einnig afhenti dómarrinn lögmanninum lyklaveski Margeirs Jóns, sem tekið var við húsleitina heima hjá honum, og tilkynnti dómarrinn lögmanninum jafnframt, að hann væri reiðubúinn, hvenær sem þess væri óskað, að afhenda peningaskápinn svo og ljósrit af skjölum, sem áfram voru í vörzlu dómsins. Á dómþingi 9. desember 1970 afhenti dómarrinn lögmanninum öll önnur skjöl úr ofangreindri möppu að undanteknum skjölum, sem beinlínis vörðuðu kæru Vilhjálms Svans, og tveim bankabókum, sbr. síðar.

B. Um miðjan marz 1970 kom Hreiðar Svavarsson framreiðslumaður, Laugarnesvegi 106, Reykjavík, að máli við dómarrann og þóttist bera sig mjög illa. Hreiðar sagðist hafa komið tveim bankabókum og verðbréfum fyrir milligöngu Guðmundar Jóns Magnússonar, vélstjóra hjá Landhelgisgæzlunni, til ávöxtunar og geymslu hjá Margeiri Jóni. Hreiðar kvaðst aðeins fá venjulega bankavexti af fé sínu, en með þessu hefði hann haft hug á að eignast góð bréf og gera góð fasteignakaup á uppboðum. Hreiðar tók fram, að hann hefði ekki tíundað þessar eignir sínar til skatts. Dómarrinn ráðlagði þá Hreiðari að snúa sér til skattayfirvalda og koma þessu á hreint, enda þótt dómaramum þætti frásognin öll hin tortryggilegasta. Á meðan Hreiðar var hjá dómaramum, hafði dómarrinn samband við Skúla Pálsson deildarstjóra, og var afráðið, að Hreiðar kæmi til hans á tilteknum tíma næsta dag. Á fundinum með dómaramum var Hreiðar með afrit af bréfi, sem hann tjáði sig hafa sent Margeiri Jóni, þar sem hann gerði kröfu um, að Margeir Jón afhenti sér tilgreind verðmæti, þ. e. víxla, fasteignatryggingarbréf og tvær ofangreindar bankabækur.

Nokkru eftir fund Hreiðars og dómarsins fór Hreiðar að ganga eftir ofangreindum verðmætum, sem hann taldi vera í vörzlum dómsins og sig réttan eiganda að. Dómarinn benti Hreiðari á, að hér væri um að ræða gögn, sem lagt hefði verið hald á vegna rannsóknar opinbers máls, og kæmi slík afhending ekki til greina, að minnsta kosti ekki að sinni. Hreiðar hélt áfram að ganga eftir skjölunum, og loks var ákveðið, að Hreiðar hitti dómarsinn að máli á skrifstofu hans kl. 1300 21. marz 1970 (miðvikudaginn fyrir skírdag). Vegna umferðaróhapps dróst mjög, að dómarinn kæmist til skrifstofu sinnar á réttum tíma eftir hádegisverðarhlé. Er dómarinn kom að skrifstofu sinni, voru þar fyrir utan Hreiðar, Bjarni Bjarnason héraðsdómslögmaður, tengdafaðir Hreiðars, og maður, sem dómarinn bar ekki kennsl á, og virtist honum vera mikið niðri fyrir. Nefndi maðurinn nafn dómarsins, og er dómarinn kannaðist við það, elti maðurinn dómarsinn inn á skrifstofu hans og taldi sig nauðsynlega þurfa að tala við hann. Þarna var kominn Guðmundur Jón Magnússon vélstjóri, og tjáði hann dómarsinum, að Hreiðar Svavarsson og Brandur Brynjólfsson lögfræðingur hefðu hrætt sig til að selja sér bankabækur og verðbréf, sem hann átti í vörzlum Margeirs Jóns og tekin voru við húsleitina. Var þarna um að ræða verðmæti að fjárhæð nálægt kr. 1.300.000.00 auk áfallinna, en ógreiddra, vaxta, og fékk Guðmundur Jón aðeins í staðinn víxil að fjárhæð kr. 650.000.00 samþykktan af Hreiðari, en útgefinn af Brandi. Dómarinn benti Guðmundi á, að hann þyrfti að koma strax eftir páskahelgina og gefa skýrslu fyrir dómi, en Guðmundur kvaðst vera að fara út á sjó, og benti dómarinn honum þá á að koma við fyrstu hentugleika. Er Guðmundur fór frá dómarsinum, reyndust tengdafaðgarnir Hreiðar og Bjarni horfnir af vettvangi.

Hreiðar hélt áfram að ganga eftir verðmætunum, og ræddi dómarsinn við Hreiðar og Bjarna Bjarnason 27. apríl á skrifstofu sinni, og er þeir óskuðu eftir að fá gögnin afhent, benti dómarinn þeim á eftirfarandi atriði.

1. Skjölín voru í vörzlu dómsins samkvæmt dómsúrskurði.
2. Hreiðar hefði ekki sýnt neinar eignarheimildir fyrir skjölunum og ekkert fram komið í málinu um rétt hans til skjalanna.
3. Annar aðili hafði gert kröfu til eignarréttar á skjölunum, þ. e. Guðmundur Jón Magnússon.
4. Sérgreining og lýsing sumra skjalanna svo óljós, að ekki væri hægt að átta sig á, hvort umrædd skjöl væru í vörzlu dómsins, og sum væru það greinilega ekki.

Eftir að dómarrinn hafði gefið þessa yfirlýsingu, afhenti Bjarni Bjarnason dómarrann ljósrit af nokkrum framsölum, sem Hreiðar átti að hafa fengið hjá Guðmundi Jóni. Að því loknu lýsir dómarrinn yfir því, að afstaða hans til afhendingar væri óbreytt.

Guðmundur Jón Magnússon mætti í sakadómi 30. apríl, 17. júlí, 21. júlí og 24. júlí 1970 og skýrði frá viðskiptum sínum við Hreiðar og Brand. Frásögn hans var í stórum dráttum efnislega á eftirfarandi leið:

Skömmu eftir að húsleitinn fór fram hjá Margeiri Jóni, kom hann heim til Guðmundar Jóns og tjáði honum, að rannsóknarlögreglan hefði lagt hald á tvær bankabækur, víxla og tryggingarbréf, sem Margeir Jón hafði til innheimtu fyrir Guðmund Jón. Margeir Jón sagði Brand Brynjólfsson vera lögfræðing sinn og hefði hann á takteinum mann, sem fús væri til að taka þetta á sig, þ. e. að koma fram sem eigandinn upp á helming. Guðmundur Jón sagði, að sér þætti þetta of mikið, þar sem þarna væri fyrst og fremst um sparisjóðsinnstæður að ræða, og ætlaði hann að taka þetta á sig sjálfur. Tók Margeir Jón undir það og latti Guðmund Jón fremur en hvatti í þessu efni. Á meðan Margeir Jón stóð við hjá Guðmundi Jóni, beið umræddur maður úti í bifreið, og nafngreindi Margeir Jón hann sem Hreiðar Svavarsson.

Guðmundi Jóni varð mikið um þetta og reyndi um helgina á eftir að ná sambandi við Margeir Jón til þess að ræða málin nánar. Er það tókst ekki, hringdi Guðmundur Jón í Brand næsta mánudagsmorgun og spurði hann um Margeir, og í því símtali var afráðið, að Guðmundur Jón kæmi að skrifstofu Brands á Baldursgötu 12, en Brand hafði Guðmundur Jón ekki séð áður. Á skrifstofunni hittu Guðmundur Jón Brand einan, og spurði Guðmundur Jón Brand, hvernig hann teldi sig fara út úr þessu máli. Brandur sagði hann fara mjög illa út úr þessu, þar eð skatturinn tæki mjög hart á öllu slíku. Þar sem þarna var um lögfræðing að ræða og meira að segja hæstaréttarlögmann, sem málaði hlutina mjög sterkum litum og hafði því mikil áhrif á Guðmund Jón, kveðst hann hafa loks fallizt á þetta, enda hafi hann verið mjög illa fyrir kallaður vegna svefnleysis og hugarangurs út af þessu. Brandur tók jafnframt fram, að hann hefði mann, sem væri fús að taka þetta að sér upp á helming, og sá maður væri væntanlegur á hverri stundu. Skömmu síðar kom Hreiðar Svavarsson, sem Guðmundur Jón þekkti ekki áður. Guðmundur Jón sagði, að svo hafi viljað til, að hann hafði meðferðis

í veski sínu kvittanir fyrir öllum þeim verðmætum, sem hann átti í vörzlum Margeirs Jóns, að undantekinni einni kvittun. Hreiðar útbjó framsal fyrir þeirri kvittun, og auk þess framseldi mætti allar kvittanirnar, sem hann var með. Setti Hreiðar mismunandi dagsetningar á framsölin á kvittununum. Framsölin las Brandur fyrir, Hreiðar ritaði þau niður og Guðmundur Jón undirskrifaði þau. Umtalað var, að Guðmundur Jón ætti að koma fram sem milligöngumaður milli Hreiðars og Margeirs Jóns, en Hreiðar sem hinn raunverulegi eigandi. Auk ofangreindra kvittana afhenti Guðmundur Jón Hreiðari og Brandi tvö tryggingarbréf með víxlum og eitt tryggingarbréf án víxils.

Guðmundur Jón sagði, að þetta hefði átt sér stað mánudaginn 2. marz. Strax um kvöldið fór hann að hugsa málið og dauðsá eftir öllu saman og fór því á fund Brands næsta morgun og vildi láta kaupin ganga til baka. En Brandur sagði það of seint, þar sem Hreiðar hefði þegar farið með gögnin í sakadóm. Næsta dag þurfti Guðmundur Jón að fara til sjós, og er hann kom aftur í land, gaf hann sig fram við sakadóm miðvikudag fyrir skírdag.

Hreiðar Svavarsson kom fyrir dóm 10. júlí og 17. júlí 1970, og hefur hann eindregið neitað að hafa haft nokkuð af Guðmundi Jóni og það hefði verið Guðmundur Jón sjálfur, sem óskaði eftir að eiga viðskiptin, sem gerð voru og gengið var frá á Baldursgötu 12 2. marz 1970. Höfðu þeir mælt sér þar mót samkvæmt ósk Guðmundar Jóns, þar sem hann hafði eindregið óskað eftir því að fá að sjá, þegar Brandur skrifaði upp á víxilinn, sem hann var búinn að lofa að skrifa upp á fyrir Hreiðar. Hreiðar var spurður að því, hvort honum hefði ekki þótt tortryggilegt, að maður vildi selja sparisjóðsbækur (innstæðan nam við húsleitina kr. 799.684.00). Sagði Hreiðar, að svo væri ekki, þar sem maðurinn hefði fengið svo gott verð fyrir. Ítrekað aðspurður neitaði Hreiðar að gefa upp, hvað maðurinn fékk í sinn hlut auk áðurgreinds víxils að fjárhæð kr. 650.000.00. Loks sagði Hreiðar, að Brandur hefði ekkert komið nálægt þessum viðskiptum að öðru leyti en því, að hann hafi í greiðaskyni við sig útgefið og ábakið ofangreindan víxil.

Í lok dómbings 10. júlí 1970 tilkynnti dómariinn Hreiðari, að 6 af 8 víxlum, sem Hreiðar taldi sig hafa keypt af Guðmundi Jóni, væru ekki sjáanlegir í vörzlu dómsins, en hugsanlegt sé, að tveir af víxlunum séu þar, en þó sé það ekki víst, þar sem víxlar, sem lýsingarnar passa við, séu fleiri en einn. Einnig tilkynnti dómariinn Hreiðari, að Magnús Helgi Jónsson, Garðastræti 9,

hefði kært Margeir Jón fyrir okur og beðið hefði verið um uppboð á eign hans í Dunhaga 23 vegna viðskiptanna við Margeir Jón og kynnu því fjórir af ofangreindum 6 víxlum að vera í þeim málum.

Brandur Brynjólfsson héraðsdómslögmaður kom fyrir dóm 21. júlí, og kvað hann viðskipti Hreiðars og Guðmundar Jóns vera sér algerlega óviðkomandi að öðru leyti en því, að hann hefði útgefið og ábakið ofangreindan víxil í greiðaskyni við Hreiðar.

Með bréfi, dags. 1. júlí 1970, kærði Guðmundur Jón formlega ofangreind viðskipti, þar sem hann taldi, að atferli Hreiðars varðaði að minnsta kosti við 253. gr. almennra hegningarlaga, og 16. september 1970 gagnkærði Hreiðar Guðmund Jón fyrir rangar sakargiftir.

28. janúar 1971 ritaði dómarrinn saksóknara ríkisins eftirfarandi: „Hér með sendast yður, hr. saksóknari, fimm endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur af rannsókn á ætluðum okurbrotum Margeirs Jóns Magnússonar svo og kæra Guðmundar J. Magnússonar á hendur Hreiðari Svavarssyni og gagnkæra Hreiðars á hendur Guðmundi. Skjöl þessi eru send yður, þótt rannsókn Margeirs sé hvergi nærri lokið, vegna margítrekaðra áskorana Bjarna Bjarnasonar, lögfræðings, en dómari málsins hefur tjáð lögfræðingnum, að hann teldi ekki fært, eins og málum er háttað, að senda kærúmál Guðmundar og Hreiðars sérstaklega til ákvörðunar“.

Ekki liggur fyrir sérstök ákvörðun ákærvaldsins um ofangreint kærúmál, en 12. janúar 1972 skrifaði saksóknari ríkisins dómimum eftirfarandi: „Með bréfi sakadóms Reykjavíkur, dags. 28. janúar f. á., bærust embættinu endurrit dómsrannsókna á ætluðum okurbrotum Margeirs Jóns Magnússonar, Miðstræti 3, og í því sambandi kæra Guðmundar Jóns Magnússonar, vélstjóra, Gautlandi 19, á hendur Hreiðari Svavarssyni, framreiðslumanni, Laugarnesvegi 106, svo og gagnkæra Hreiðars á hendur Guðmundi Jóni, en í bréfi dómsins var tekið fram, „skjöl þessi eru sérstaklega til ákvörðunar“.

Af ákærvaldsins hálfu er þess krafizt, að rannsókn máls þessa, ef henni er ólokið, verði hraðað, svo sem kostur er, og málið verði þegar að rannsókn lokinni sent embættinu til ákvörðunar“.

II. Með bréfi, dags. 9. marz 1970, skrifaði Jóhann Ragnarsón hæstaréttarlögmaður kæru f. h. Magnúsar Helga Jónssonar, Garðastræti 9, á hendur Margeiri Jóni o. fl.

Í kærinni segir m. a.:

„Umbjóðandi minn, Magnús Helgi Jónsson, kveðst hinn 7. ágúst 1963 hafa fengið peningalán hjá Margeiri J. Magnússyni. Hafi hann afhent Margeiri víxil pr. 7/2 1964 að fjárhæð kr. 30.000.00 og móttakið peninga að fjárhæð u. þ. b. kr. 22.800.00. Nokkru síðar, eða hinn 8. október 1963, kveðst umbjóðandi minn hafa afhent Margeiri annan víxil með sömu fjárhæð pr. 8/4 1964 og móttakið sömu eða svipaða fjárupphæð og áður. Vexti af víxlum þessum kveðst umbjóðandi minn hafa greitt Margeiri a. m. k. tvisvar sinnum vorið 1964, fyrir skamman tíma í hvort sinn.

Hinn 19. október 1964 kveðst hann síðan enn hafa greitt vexti af sínum gjaldföllnu víxlum. Hafi það verið gert með nýjum víxli að fjárhæð kr. 35.000.00 pr. 19/4 1965, en þar sem hann hafi verið hærri en sem nam dráttarvöxtum og forvöxtum af skuldinni allri til gjalddaga nýja víxilsins hinn 19/4 1965, þá hafi Margeir afhent sér víxil, sem fylgir með kæru þessari, að fjárhæð kr. 11.660.00 með gjalddaga 20. okt. 1984. Þá kveðst umbjóðandi minn jafnframt hafa móttakið þetta sem peninga, sem numið hafi 500 til 1.000 kr.

Enn kveðst umbjóðandi minn hafa gengið á fund Margeirs J. Magnússonar 14. júlí 1965 og þá samþykkt nýjan víxil fyrir vöxtum af skuldinni fram til desember 1965 ásamt forvöxtum af nýja víxlinum til gjalddaga 14. janúar 1966. Víxill þessi er að fjárhæð kr. 51.300.00. Með sama hætti og lýst er hér að framan, kveðst umbjóðandi minn síðan hafa farið á fund Margeirs og samþykkt nýja víxla fyrir vöxtum — dráttarvöxtum af allri skuldinni og forvöxtum af nýja víxlinum í hvert sinn — svo sem hér segir:

19. jan. 1966 samþ. víxill pr. 19/7 1966	kr. 50.000.00
19. júlí 1966 samþ. víxill pr. 19/1 1967	— 63.000.00
28. jan. 1967 samþ. víxill pr. 27/7 1967	— 83.000.00
14. júlí 1967 samþ. víxill pr. 14/1 1968	— 110.000.00
16. jan. 1968 samþ. víxill pr. 15/7 1968	— 150.000.00

Umbjóðandi minn kveður aldrei hafa verið um venjulega fram-
lengingu á víxlunum að ræða, heldur hafi gömlu víxlarnir verið
láttnir liggja áfram, en gefnar hafi verið út af Margeiri kvittanir fyrir því, að vextir af eldri víxlunum voru greiddir um það bil fram til gjalddaga nýja víxilsins í hvert sinn. Sumar þessar

kvittanir kveður umbjóðandi minn nú glataðar, en nokkrar þeirra fylgja þó með bréfi þessu. Eru það kvittanir dags. 10/3 og 11/4 1964, 17/7 1965, 15/7 1967 og 17. jan. 1968. Af kvittunum þessum kemur skilmerkilega fram, af hvaða víxlum eru greiddir vextir hverju sinni, en ekki fjárhæðir. En jafnframt því að samþykkja fyrstu tvo 30 þúsund króna víxlana og síðan sífellt nýja víxla fyrir vöxtunum, gaf umbjóðandi minn jafnframt nýjum víxli út tryggingarbréf með veði í íbúð sinni að Dunhaga 23 hér í borg. Kemur því greinilega fram af víxlunum, tryggingarbréfunum og kvittunum, hvers eðlis viðskipti þessi voru og hverjir vextir voru teknir af skuldinni.

En er hér var komið sögu, þ. e. eftir að síðasti víxillinn féll í gjalddaga í júlí 1968, opnuðust loks augu umbjóðanda míns fyrir því, hvert stefndi. Hann hafði fengið peninga að láni að upphæð ca. kr. 46.000.00 og hafði mótttekið víxil Margeirs pr. 20/10 1984 að upphæð kr. 11.660.00. Fyrir þessari skuld hafði hann nú samþykkt víxla samtals að fjárhæð kr. 602.300.00. Þá kveður hann, að sér hafi loks orðið ljóst, að ekki varð lengra haldið á þessari braut. Hann hafði því sagt Margeiri, að hann samþykkti ekki frekari víxla og hann fengi ekki annað frá sér. Þetta svar umbjóðanda míns kveður hann hins vegar hafa leitt til þess, að hinn 25. júní og 26. ágúst 1969 hafi verið beðið um nauðungarsölu á íbúðinni að Dunhaga 23, og sé það mál nú rekið fyrir uppboðsrétti“.

Magnús Helgi Jónsson hefur komið fyrir dóm, staðfest kærana og borið frekar um málavexti.

III. Með bréfi, dags. 15. september 1970, barst enn kæra á Margeir Jón frá Jónasi Guðlaugssyni, Öldugötu 7, Reykjavík. Kæran var efnislega á þá leið, að Jónas kærði Margeir Jón fyrir okurlánastarfsemi og að hann hefði í fórum sínum nauðungar-afsal fyrir $\frac{2}{3}$ af húseigninni Öldugötu 7 hér í borg, og krafðist Jónas þess, að málið yrði rannsakað og afsalínu riftað, þar sem það var fengið með hótunum. Upphaflega hafði verið tekið út á eignina lán að fjárhæð kr. 95.000.00 á árinu 1960 og Margeir Jón sagður hafa tekið í vexti af því um kr. 60.000.00 á ári. Jónas taldi lánið löngu greitt svo og löglega vexti. Jónas upplýsti, að brunabótamat eignarinnar væri um kr. 2.000.000.00, og sýndi það, hversu fráleitt það væri, að Margeir Jón sjálfur hefði getað yfirfært eignina á sitt nafn fyrir eintóma víxla svo og greiðslu á okurvöxtum.

Jónas hefur komið fyrir dóm og borið um málavexti.

IV. Er Margeir Jón mætti í sakadómi 25. f. m., afhenti hann dómbaranum ljósrit af bréfi til „Dómsmálaráðherra Íslands“, dagsettu 14. febrúar s.l., með þeim ummælum, að líta bæri á það sem kröfu um, að dómari viki sæti í málinu. Í ofangreindu bréfi kemur fram, að dómsmálaráðuneytinu hefur verið sent bréf svipaðs efnis 26. febrúar 1971. Dómari málsins hafði ekki hugmynd um tilvist ofangreindra bréfa, fyrr en Margeir Jón lagði fram ofangreint ljósrit. Í seinna bréfinu kemur fram, að Margeir Jón hefur í hinu fyrra krafizt m. a. þess þegar hinn 26. febrúar 1971, að dómbaranum yrði vikið frá störfum í sakadómi Reykjavíkur, og er sú krafa með meiru endurtekin í seinna bréfinu. Í því rökstyður Margeir Jón, hvers vegna hann krefjist þess, að dómbaranum sé vikið frá störfum í sakadómi Reykjavíkur, og samkvæmt yfirlýsingu Margeirs Jóns í dómi 25. f. m. ber að líta svo á, að dómari eigi að víkja sæti í þessu máli af sömu sökum. Margeir Jón skipti röksemdum sínum í tvo töluliði, þ. e.:

1. Með dómi Hæstaréttar nr. 201/1966, uppkveðnum 26. apríl 1967, var Margeir Jón dæmdur til að greiða kr. 850.000.00 í sekt til ríkissjóðs fyrir okur og brot á bókhaldslögum. Margeir Jón taldi dóm þennan vera þannig „til kominn“, að er hann mætti fyrst fyrir dómi í rannsókn málsins, hafi dómari spurt, hvort um vexti hafi verið að ræða af þar greindum 20 ára víxlum í máli þessu, og Margeir Jón svaraði, að ekki hafi verið um neina vexti að ræða. Þetta svar Margeirs Jóns var strax bókað, en svarið átti að vera, að sögn Margeirs Jóns, að ekki hafi verið um að ræða neina vexti ennþá, sem greiddir hefðu verið, sem og var. Nokkru síðar, er Margeir Jón mætti á ný í dóminum til frekari skýringar á fyrri framburði sínum, óskaði Margeir Jón að fá að sjá fyrri framburð sinn, því að hann mundi hann ekki orðréttan, þá hafði dómari sagt: „Ég ræð hér“. Þetta kveðst Margeir Jón hafa skilið þannig, að dómari „ætlaði að hafa áhrif á dómsniðurstöðuna, sem og varð, en ekki láta málefni ráða“. Margeir Jón kveðst hafa sagt verjanda sínum strax frá þessu, en einhverra hluta vegna kom þetta atriði ekki fyrir bein-um orðum í vörn málsins fyrir sakadómi og Hæstarétti.

2. Um miðjan febrúar 1970 kom dómari með flokk manna frá skatt- og rannsóknarlögreglunni og gerði húsleit að Miðstræti 3 A hjá Margeiri Jóni, þrátt fyrir það að hann mótmælti því á þeim forsendum að benda á það, sem á undan var gengið og getið er um hér að framan, og Margeir Jón kvaðst af þeim sökum skoða „greindan Jón sem persónulegan mótstöðumann“ sinn, sem

ekki gæti þar af leiðandi verið hlutlaus í málum hans. Við hús-rannsóknina telur Margeir Jón sig hafa óskað án árangurs eftir öðrum dómara. Til frekari sönnunar á hlutdrægni dómarans benti Margeir Jón á, að hann hefði ekki verið kallaður fyrir dóm vegna málsins og ekki fengið allt, sem tekið var við húsleitina, afhent aftur þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Er þar bæði um að ræða muni persónulega tilheyrandi Margeiri Jóni og umbjóðendum hans.

Um 1. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 24. júní 1966 var Margeir Jón dæmdur til að greiða kr. 850.000.00 í sekt til ríkissjóðs fyrir brot á 2. og 3. gr. laga nr. 58/1960, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands 28. desember 1960, og brot á 19. gr. laga nr. 62/1938 og 262. gr. almennra hegningarlaga. Dómur þessi var staðfestur í Hæstarétti 26. apríl 1967. Héraðsdóminn kvað upp Halldór Þorbjörnsson sakadómari, en dómari þessa máls hafði með höndum rannsókn málsins fyrir útgáfu ákæru.

Ekki verður komizt hjá að taka upp kafla úr ofangreindum héraðsdómi til skýringar á umkvörtunarefni Margeirs Jóns.

Í dóminum segir m. a.:

„1. Í apríl 1964 sneri Sæmundur Reynir Jónsson verzlunar- maður, Laugateigi 17 hér í borg, sér til ákærða, sem fæst við lánastarfsemi, og leitaði eftir peningaláni hjá honum. Niður- staðan varð sú, að hinn 20. apríl keypti ákærði af Sæmundi Reyni þrjá víxla, er hann hafði samþykkt, að fjárhæð kr. 100.000.00 hvern, dags. 18. apríl, með gjalddaga 18. október sama ár. Fyrir víxlana greiddi ákærði 200 þús. kr. í peningum og 100 þús. kr. með víxli, er hann sjálfur hafði samþykkt, dags. 20. apríl 1964, með gjalddaga 20. apríl 1984. Til tryggingar víxlum þeim, er Sæmundur Reynir samþykkti, setti hann eignarhluta sinn í hús- eigninni Laugateigi 17 að veði með 4. veðrétti. Víxill sá, sem ákærði lét Sæmundi Reyni í té, var ekki veðtryggður.

Sæmundur Reynir kveðst hafa beðið ákærða um 200 þús. kr. lán og hafi ákærði fallizt á að veita það, þó þannig, að hann fengi í hendur víxla að fjárhæð kr. 30.000.00 og greiddi 100 þús. kr. af því með víxli til 20 ára. Um vexti af víxlunum hafi ekki verið rætt. Hins vegar hafi hann haft á orði, að hann mundi ef til vill ekki geta greitt víxlana á gjalddaga og ákærði hafi þá lofað að framlengja lánin um óákveðinn tíma og með 2½% mán- aðarlegum vöxtum.

Ákærði skýrði svo frá í þinghaldi 8. janúar 1965, er dómsrann- sókn fór fram, að hann og Sæmundur Reynir hefðu orðið ásáttir

um, að ákærði léði Sæmundi Reyni kr. 300 þús. vaxtalaust í 6 mánuði, en Sæmundur Reynir léði ákærða hins vegar 100 þús. kr. vaxtalaust til 20 ára. Bar ákærða þannig efnislega saman við skýrslu Sæmundar Reynis.

Á dómþingi, sem háð var 24. febrúar 1965, lagði ákærði fram yfirlýsingu sjálfs sín, dagsetta 20. apríl 1964. Í yfirlýsingunni segir, að hann skuldbindi sig til að greiða handhafa vixils síns, dags. 20. apríl 1964, hæstu leyfilega vixilvexti og greiðist þeir í gjalddögum 20. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 20. apríl 1965.

Yfirlýsingu þessa kveðst Sæmundur Reynir aldrei hafa séð fyrr en á umræddu dómþingi.

2. Í maímánuði 1964 leitaði Sæmundur Reynir eftir viðbótarláni hjá ákærða, og féllst ákærði á að veita það. Lyktir urðu þær, að ákærði keypti tvo víxla af Sæmundi Reyni. Báðir eru víxlarnir gefnir út 21. maí, með gjalddaga 21. nóvember sama ár, samþykktir af Sæmundi Reyni, en útgefnir af konu hans. Annar er að fjárhæð kr. 80.000.00, og greiddi ákærði fyrir hann kr. 53.333.00 í peningum, en afganginn, kr. 26.667.00, með víxli, er hann hafði samþykkt, með gjalddaga 21. maí 1984, og fyrir hinn víxilinn, að fjárhæð kr. 70.000.00, fékk hann kr. 46.667.00 í peningum, en kr. 23.333.00 með víxli pr. 21. maí 1984. Þannig tók Sæmundur Reynir í þetta skipti á sig víxilskuldbindingar pr. 21. nóvember 1964 að fjárhæð kr. 150.000.00 og fékk í staðinn 100 þús. kr. í peningum, en 50 þús. kr. í víxlum til 20 ára.

Láni þessu var þannig hagað á öldungis sama hátt og láninu, sem lýst er undir 1. hér að ofan. Sæmundur Reynir segir, að einnig hafi verið talað um það í sambandi við þetta lán, að hann fengi að framlengja víxlana með 2½% vöxtum á mánuði. Þessu mótmælir ákærði í þinghaldi 8. janúar 1965 og kveður, að ekkert hafi verið vikið að væntanlegri framlengingu víxilskuldanna né heldur að vöxtum í því sambandi.

Í þinghaldi 24. febrúar 1965 hélt ákærði því fram, að hann hefði einnig gefið út tvær yfirlýsingar um vaxtagreiðslur af þessum 20 ára víxlum sínum, hliðstæðar þeirri, sem greint var frá undir 1. hér að ofan, en ekki kvaðst Sæmundur Reynir kannast við neinarnar slíkar yfirlýsingar“.

Í niðurstöðum héraðsdóms segir m. a.:

„1.—2. Sannað þykir, að hinn 20. apríl 1964 hafi ákærði veitt Sæmundi Reyni Jónssyni víxillán að fjárhæð kr. 300.000.00 til 6 mánaða, vaxtalaust, tryggt með fasteignaveði, gegn því, að Sæmundur Reynir lánaði honum kr. 100.000.00 vaxtalaust til 20

ára. Sömuleiðis þykir leitt í ljós, að 21. maí hafi ákærði veitt Sæmundi Reyni vaxtalaust víxillán til 6 mánaða að fjárhæð kr. 150.000.00, en áskilið sér á móti vaxtalaust víxillán frá Sæmundi Reyni til 20 ára að fjárhæð kr. 50.000.00. Yfirlýsingar ákærða um vaxtagreiðslur til Sæmundar Reynis, þær sem áður var getið, verða að teljast einber markleysa og lagðar fram í blekkingarskyni, enda hafði ákærði áður lýst yfir því fyrir dómi skýrt og skorinort, að um vaxtalaus lán hefði verið að ræða“.

Eins og ofangreindar tilvitnanir bera með sér, hefur Margeir Jón ekki gefið samhljóða dómskýrslur í málinu á dómþingum 8. janúar 1968 og 24. febrúar 1965, og sýnir það þegar, að rangt er með farið, er dómari þessa máls er þeim sökum borinn, að hann hafi neitað að taka við breyttum framburði Margeirs Jóns. Hitt er svo annað mál, að hvorki héraðsdómari né Hæstiréttur hafa tekið seinni framburð Margeirs Jóns góðan og gildan. Helzt verður ráðið af hinum mismunandi framburðum, að Margeir Jón hafi fyrst, er hann mætti, verið haldinn þeirri lögvillu, að viðskiptahættir þeir, er hann bauð Sæmundi Reyni upp á, hafi verið í samræmi við lög, en er hann mætti hinu seinna skipti, hafi hann að athuguðu máli ekki verið eins viss í sinni sök og reynt að bæta úr. Er Margeir Jón var síðan dæmdur, virðist gremja hans út af því hafa beint að dómara þessa máls, enda þótt Margeir Jón hafi verið dæmdur af öðrum héraðsdómara og síðan Hæstarétti, án þess að verjandi hans í héraði og fyrir Hæstarétti hafi, að hans eigin sögn, reynt í þeim málaferlum að koma núverandi ásökunum Margeirs Jóns á framfæri.

Aðdróttanir Margeirs Jóns um, að dómari hafi við rannsókn ofangreinds máls verið hlutdrægur og reynt að halla rétti hans, eru ekki á rökum reistar og verður ekki sinnt.

Um 2. Í þessum tölulið kemur fram, að Margeir Jón hefur þegar við upphaf þessa máls haft fullan hug á að losna við dómara vegna afskipta dómars af fyrra máli Margeirs Jóns, og kveðst hann hafa krafizt þess við húsleitina 25. febrúar 1970, að dómari viki sæti. Slíka kröfu hefur Margeir Jón aldrei gert formlega fyrr en á dómþingi 25. f. m., þótt honum hafi verið í lófa lagið að senda slíka kröfu í bréfi til dómars eða gera hana á dómþingi fyrir tilstilli Jóhanns Steinasonar hæstaréttarlögmanns, umboðsmanns síns. Hitt er rétt, að við framkvæmd húsleitarinnar veittist Margeir Jón að dómara vegna afskipta hans af fyrra máli og dró enga dul á, að hann teldi dómara vera óvildarmann sinn og vildi því losna við hann.

Strax næsta dag eftir húsleitina var reynt að hafa upp á Margeiri Jóni, en það var án árangurs, svo og næstu daga og loks, er tókst að koma boðum til Margeirs Jóns að mæta kl. 1000 þriðjudaginn 3. marz 1970, mætti hann ekki, þótt hins vegar frá honum bærust vafasöm boð um forföll. Margeir Jón átti þess kost að koma fyrir dóm í upphafi málsins, þótt dómariinn hafi hins vegar ekki talið það í þágu rannsóknar málsins, að Margeir Jón veldi sjálfur tíma til að mæta.

Þótt Margeir Jón hafi ekki á ný verið boðaður fyrr en 25. f. m., hefur umboðsmaður hans, Jóhann Steinason hæstaréttarlögmaður, komið oftar en einu sinni fyrir dóm og gætt hagsmuna hans með ágætu samkomulagi við dómaraann, sem hefur haldið rannsókn málsins áfram með öðrum skyldustörfum, svo sem skýrslutökum af vitnum, fjármagnseigendum og fleiri aðiljum. Þá er því ekki að neita, að kærumál Guðmundar Jóns Magnússonar og Hreiðars Svavarssonar töfðu málið verulega framan af, og eftir að dómariinn sendi þann þátt sérstaklega til ákvörðunar saksóknara ríkisins hinn 28. janúar 1971, lá rannsóknin niðri öllu lengur en réttlætlanlegt er, en dómariinn vísar á bug öllum ásökunum um, að það hafi verið gert til að halla rétti Margeirs Jóns á nokkurn hátt.

Um skjöl þau, sem lagt var hald á og Margeiri Jóni hafa ekki verið send á ný, er þess að geta, að nokkru er um að ræða skjöl í vörzlum dómsins og að nokkru skjöl í vörzlu skattransóknadeildar ríkisskattstjóra.

Skjölín, sem eru í vörzlum dómsins, varða annars vegar kærú Vilhjálms Svans, og hins vegar er um að ræða bankabækur o. fl., sem Guðmundur Jón framseldi Hreiðari. Um fyrrgreind skjöl er það að segja, að Vilhjálmur Svan hefur borið, að þessi skjöl hafi orðið til, að minnsta kosti að hluta, fyrir misgerning gagnvart sér eða réttarbrot Margeirs Jóns. Auk þess hafa fleiri aðiljar en Margeir Jón gert kröfu til sumra skjalanna. Um bankabækurnar er svipað að segja. Guðmundur Jón telur, að eignarréttartilkall Hreiðars byggist á réttarbroti gagnvart sér, og hefur hann krafizt að fá gögnin. Einnig hefur Hreiðar krafizt þeirra. Þar sem ágreiningurinn er óútkljáður, hefur dómariinn ekki talið sér fært að afhenda bækurnar og annað, sem viðskipti Hreiðars og Guðmundar snerust um. Um skjölín hjá skattransóknadeild er þess að geta, að með bréfi, dags. 30. október 1970, sendi ríkisskattstjóri dóminum skýrslu rannsóknadeildar um athugun á viðskiptum Vilhjálms Svans Jóhannssonar við Margeir J. Magnússon

á árunum 1960—1970. Í sama bréfi segir: „Í vörzlu rannsóknadeildarinnar eru ýmsar bækur og gögn í eigu nefnds Margeirs, sem snerta þetta mál, en rannsókn fer nú fram hjá deildinni á starfsemi nefnds Margeirs almennt, og beinist hún einkum að skattalegum atriðum“. Við þetta situr enn, og eru gögnin enn hjá ríkisskattstjóra.

Samkvæmt því, sem hefur nú verið rakið, verður krafa Margeirs Jóns Magnússonar víxlara um, að dómari máls þessa víki sæti, ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Krafa Margeirs Jóns Magnússonar víxlara um, að dómari máls þessa víki sæti, er eigi tekin til greina.

Föstudaginn 23. júlí 1972.

Nr. 147/1971. **Bæjarstjórinn í Kópavogi vegna Kópavogskaupstaðar**
(Ólafur Ragnarsson hdl.)
gegn
Geir G. Gunnlaugssyni og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Barði Þórhallsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, og samdómsmennirnir Gaukur Jörundsson prófessor og Ólafur E. Stefánsson búnaðarráðunautur hafa kveðið upp héraðsdóminn.